

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (takmarkanir á notkun verðtryggingar í lánessamningum til neytenda), 441. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Málið snýr að breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu.

Í frumvarpinu eru gerðar tvær breytingartillögur:

- 1) Hámarkstími verðtryggðra jafngreiðslulána til neytenda verður 25 ár. Undanþága verður þó fyrir ungt fólk og lántaka með lágar tekjur.
- 2) Lágmarkstími verðtryggðra jafngreiðslulána til neytenda verður 10 ár í stað fimm ára.

SA styðja framangreind áform en vilja halda til haga áherslum og áhyggjuefnum sem samtökin lýstu í umsögn sinni um mál nr. 178/2019 og í samtölum við stjórnvöld og forystufólk viðsemjenda sinna í aðdraganda undirritunar Lífskjarasamningsins, dags. 3. apríl 2019:

- 1) *Fjölgun valkosta er æskilegri en fækkun.* Verðtryggð jafngreiðslulán er einn margra kosta sem lántökum stendur til boða, en með frumvarpinu er þeim fækkað. Í stað þessa ætti fremur leggja áherslu á vandaða upplýsingagjöf til lántakenda um áhættu mismunandi lánaforma.
- 2) *Viðkvæmasti hópurinn má áfram taka áhættusöm lán.* Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að rökin fyrir takmörkun verðtryggðra jafngreiðslulána byggi fyrst og fremst á þeim ókostum sem fylgja slíkum lánnum, þ.e. að verðbótum sé bætt við höfuðstól og greiðslu þeirra frestað. Þannig verði eignamyndun hægari en ella og líkur aukist á neikvæðu eigin fé lántaka. Í ljósi þessa er sérstök undanþága fyrir ungt fólk og tekjulágt vafasöm, þar sem í þeim hópi eru líkur mestar á yfirveðsetningu og greiðsluerfiðleikum, einkum þegar samdráttur verður í efnahagslífinu, krónan veikist og verðbólga eykst. Undanþágur vegna aldurs hafa þó verið þrengdar m.v. frumvarpsdrögin sem SA hafa áður tekið til umsagnar. Enn er þó gert ráð fyrir að tekjulágt fólk hafi sömu undanþágu og í drögunum.
- 3) *Undanþága vegna lána þar sem veðsetningarhlutfall nemi 50% eða minna á lántökudegi hefur verið felld út án skýringa.* Þeir sem hafa sterka eiginfjárstöðu eru alla jafna sá hópur sem hefur hvað minnsta áhættu af lánsforminu af þeim sem áformað var að veita undanþágu. Það sætir því furðu að fella út þessa undanþágu án frekari skýringa.



4) Fallið hefur verið frá því að miða verðtrygginguna við vísitölu neysluverðs án húsnæðis. SA fagna því að tekið hafi verið tillit til athugasemda samtakanna varðandi ókosti þess að miða verðtrygginguna við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

Frá árinu 2014 hefur stöðugt verðlag skilað fordæmalausum kjarabótum til heimila í formi lægri vaxta og aukins kaupmáttar launa. Samhliða hafa heimilin í auknum mæli kosið að fjármagna húsnæðis kaup með óverðtryggðum lánum í stað verðtryggðra. Efnahagslífið hefur áratugum saman búið við miklar sveiflur í gengi og verðlagi en rót vandans hefur ekki legið í verðtryggingunni heldur lausatökum í hagstjórn. Ábyrg hagstjórn, öguð stjórn ríkisfjármála, kjarasamningar sem endurspeglar verðmætasköpun fyrirtækja og skilvirkari miðlun peningastefnunnar ættu að stuðla að minni hættu á verðbólgu og miklum gengislækkunum í framtíðinni.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Halldór Benjamín Þorbergsson'.

Halldór Benjamín Þorbergsson,  
framkvæmdastjóri